

FUNDARGERÐ

280. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fjarfundi (TEAMS)
föstudaginn 22. maí 2020 kl. 12:15.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Stefán Eyjólfsson, Helga Hreinsdóttir og Aðalsteinn Þórhallsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum eru fjarverandi Skúli Björnsson og Björg Björnsdóttir

Dagskrá:

1. Covid-19 – staðan hjá HEF
2. Fljótsdalshérað ljóstengt – niðurstaða áætlunarvinnu Fjarskiptasjóðs
3. Staða lána - fjármögnun
4. Umsögn um fráveitufrumvarp
5. Yfirlit verkefna
6. Iðnaðar- og sumarstarfsmenn
7. Önnur mál
 - a. Austurljós - samningur

Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.

1. Covid-19 – staðan hjá HEF

Engin röskun hefur verið hjá starfsfólki eða á starfsemi. Lykilmenn veiturekstrar eru enn aðskildir. Stefnt er að opnun skrifstofu í næstu viku, í takti við bæjarskrifstofur.

2. Fljótsdalshérað ljóstengt – niðurstaða áætlunarvinnu Fjarskiptasjóðs

Efla og Karl Hálfðánarson hafa skilað niðurstöðu sinni (20. maí sl.). Fundargerð skilafundar og stöðufunda (3 fundagerðir) eru fyrirbyggjandi. Niðurstaða ráðgjafanna er um 6 Mkr. hærri en samningsupphæð og gefur ekki tilefni til endurskoðunar samnings Fljótsdalshéraðs við Fjarskiptasjóð. Teikningar lagnaleiða væntanlegar í dag á pdf formi og á þriðjudag á rafrænu formi til að setja á loftmyndagrunn, map.is. Framkvæmdastjóri hefur verið í sambandi við fornleifafræðing um að hefja þegar vinnu við fornleifaathuganir í því augnamiði að uppfylla lagakröfur um skráningu og skýrslugerð fornminja og forða röskun þeirra. Kostnaður vegna þeirrar vinnu er meðtalinn í áætlun Fjarskiptasjóðs. Stjórn telur augljóst að kostnaður við efniskaup sé vanmetinn og felur framkvæmdastjóra að taka það mál upp við Fjarskiptasjóð. Stjórn leggur áherslu á að öll undirbúningsvinna verði hafin að fenginni niðurstöðu um efniskostnað í áætluninni.

3. Staða lána – fjármögnun

Ágústa hefur greint stöðu lánasafns HEF og gerir tillögur að óskum til lánastofnana um breytingar á lánakjörum í meðfylgjandi skjali. Stjórn felur framkvæmdastjóra með fulltingi Ágústu að vinna að breytingunum og leggja drög að breyttum samningum við lánastofnanir fyrir stjórn.

4. Umsögn um fráveitufrumvarp

HEF barst til umsagnar, frá nefndasviði Alþingis, frumvarp til laga um um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, með síðari breytingum (átak í fráveitumálum). Frestur til athugasemda var skammur, 5 virkir dagar. Á sama tíma hafa Samorka og Samband íslenskra sveitarfélaga verið að vinna umsögn til ráðuneytis um reglugerð um sama mál. Fundargerð fráveitufagráðs Samorku frá miðvikudegi liggur fyrir fundinum.

Allar fráveitur mega eiga von á erindi frá Umhverfissráðuneyti / Umhverfisstofnun um langtíma-áætlanir (5-10 ár) uppbyggingar, bæði framkvæmda- og kostnaðaráætlanir.

5. Yfirlit verkefna

Hafrafell; búið er að plægja frá Hafrafelli að þjóðvegi við Urriðavatn.

Tjarnarbraut – regnvatn; tafir, m.a. vegna óvæntra tenginga og blöndunar skólps og regnvatns, bæði frá Miðgarði og íþróttahúsi. Unnið er að tillögugerð til lausna.

Fráveituverkefni; 3 farmar af 6 af útrásarrörum eru komnir á verkstað. 2 farmar, um 1100m á lóð hreinsistöðvar og 1 farmur við flugvallargirðingu. Verktaki er að undirbúa samsuðu lagnarinnar og getur gröftur hafist 1-2 vikum eftir að samsetningarvinna hefst.

Selás – endurnýjun; útboð í gangi.

Urriðavatn; nýjar dælur komnar í kaldvatnsbrunna við Urriðavatn, en tíðnibreytar sem fylgdu nýju dælunum standa ekki undir væntingum, hvorki HEF né birgja. Tíðnibreytarnir trufla annan nálægan rafbúnað og stýringar. Málið er í vinnslu hjá birgja. Vök hefur nægt vatn þó þetta hafi komið upp en umstang allverulegt vegna þessa.

6. Iðnaðar- og sumarmenn

8 umsóknir bárust um sumarstarf. Stefán Númi Stefánsson hefur verið ráðinn sumarstarfsmaður.

6 umsækjendur eru um starf iðnaðarmanns. Úrvinnsla umsókna er í gangi.

7. Önnur mál

a. Austurljós - samningur

Framkvæmdastjóri og lögmaður HEF sátu fund með fulltrúa Austurljóss í morgun.

Málið er í vinnslu.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 13:53.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir

Fundargerð staðfest, _____ 2020

_____	_____
_____	_____
_____	_____